Reykjavíkurborg
Fjármálaskrifstofa

| | |
|---|---|
| Númer skjals: | FMS-EBL-029 |
| Skjalalykill: | 02.01 Fjárhagsáætlun |
| Útgáfa: | 1 |
| Útgáfudags.: | 13.07.2018 |
| Síðast rýnt / næst rýnt: | 2018 / 2019 |
| Ábyrgðarmaður: | Deildarstjóri áætlunar og greiningar |

# FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

**Tilgangur jafnréttisskimunar:**
Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fái tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

**Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:**

| | |
|---|---|
| **Dagsetning:** | 30. september 2019 |
| **Svið:** | Velferðarsvið |
| **Unnið af:** | Kristjana Gunnarsdóttir/ Bryndís Eva Sverrisdóttir |
| **Verkefni/tillaga:** | Ósk um starfsaðila um rekstur á áfangaheimili í Víðinesi |
| **Þjónustuþáttur:** | Málefni einstaklinga með miklar og flóknar þjónustuþarfir |
| **Stofnun/kostn.st.:** | Kostnaðarstaður: 01292 |
| **Fjárhæð:** | 63 m.kr. á ári vegna innri leigu og 25 m.kr. vegna breytinga |
| **Annað:** | |

**Jafnréttisskimun:**

**Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?**

Lagt er til að borgarráð samþykki að auglýsa eftir samstarfsaðilum um rekstur áfangaheimilis í Víðinesi á Kjalarnesi. Um er að ræða húsnæði í eigu Reykjavíkurborgar þar sem er möguleiki á að bjóða upp á aðstöðu fyrir allt að 30 einstaklinga. Kostnaður vegna innri leigu er kr. 63 m.kr. á ári og gert er ráð fyrir 25 mkr. í endurbætur á húsnæðinu. Framlag Reykjavíkurborgar verði m.a. í formi niðurgreiðslu á leigu.

**Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.**

Já, verið er að fjölga úrræðum fyrir þennan hóp karla og kvenna þar sem biðlistar hafa verið langir.

**Hvaða hópa snertir tillagan?**

Einstaklinga sem hafa átt við áfengis- og vímuefnavanda að stríða og/eða hafa búið við langvarandi heimilisleysi.

**Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.**

Tillagan stuðlar að því að koma jaðarsettum einstaklingum í húsnæði og þann stuðnings sem þeir þurfa til betra lífs.

**Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?[1]**

Nei

[1] Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.